

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/74

2018/EES/25/11

frá 17. janúar 2018

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á fosfórsýru – fosfötum – dí-, trí- og fjölfosfötum (E 338-452) í fryst lóðrétt kjötspjót (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Uppfæra má skrána í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 ⁽²⁾, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.
- 3) Hinn 28. ágúst 2015 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir notkun á fosfórsýru, fosfötum, dífosfötum, trífosfötum og fjölfosfötum (hér á eftir nefnd fosföt) sem bindiefni og rakaefni í fryst lóðrétt kjötspjót sem falla undir matvælaflokk 08.2 „Unnar kjötvörur eins og skilgreint er í reglugerð (EB) nr. 853/2004“ í E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008. Umsóknin var síðan gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008.
- 4) Notkun fosfata er nauðsynleg til að draga út að hluta til og brjóta niður kjötprótín til að mynda prótínhúð á lóðréttum kjötspjótum til að binda kjötbitana saman í því skyni að tryggja einsleita frystingu og steikingu. Enn fremur sjá fosföt til þess að kjötið haldist safaríkt við þíðingu og að lóðrétt kjötspjót haldist stöðug. Slík tæknileg þörf var viðurkennd fyrir fryst lóðrétt snúningskjötspjót úr kinda-, lamba-, kálfa- eða nautakjöti, sem eru meðhöndluð með fljótandi kryddblöndu, eða úr alifuglakjöti, sem er meðhöndlað með eða án fljótandi kryddblöndu, notuð ein og sér eða í samsetningu, einnig niðursneidd eða hökkuð, og sem stjórnandi matvælafyrirtækisins ætlar til steikingar. Lokaneytandinn neytir síðan gegnumsteiktu kjötstrimlanna.
- 5) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 skal framkvæmdastjórnin leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) áður en hún uppfærir skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, nema þegar ólíklegt er að uppfærslan, sem um er að ræða, hafi áhrif á heilbrigði manna.
- 6) Vísindanefndin um matvæli mat öryggi fosfata og fastsetti hámarksgildi þolanlegrar, daglegrar inntöku sem nemur 70 mg/kg líkamsþyngdar, gefin upp sem fosfór ⁽³⁾. Fosföt eru leyfð til notkunar sem matvælaaukefni í margs konar matvæli, þ.m.t. kjötafurðir og tilteknar unnar kjötvörur. Því er ekki búist við að rýmkun á notkun, þannig að hún nái yfir fryst lóðrétt kjötspjót, hafi veruleg áhrif á heildarváhrif af völdum fosfata. Í því skyni að takmarka frekari váhrif vegna viðbættra fosfata ætti að takmarka rýmkun notkunarinnar við fryst lóðrétt kjötspjót eingöngu en þar var tæknilega þörfin greind.
- 7) Þar eð rýmkuð notkun á þessum aukefnum telst uppfærsla á skrá Sambandsins sem ólíklegt er að hafi áhrif á heilbrigði manna er ekki nauðsynlegt að leita álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.
- 8) Því ætti að breyta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 13, 18.1.2018, bls. 21. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 46/2018 frá 23. mars 2018 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum (Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1).

⁽³⁾ Skýrslur vísindanefndarinnar um matvæli, 25. ritröð, 1991, bls.13.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. janúar 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Í stað færslunnar fyrir fosfórsýru — fosföt — dí-, trí- og fjölfosföt (E 338–452) í E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, í matvælaflokki 08.2 „Unnar kjötvörur eins og skilgreint er í reglugerð (EB) nr. 853/2004“, komi eftirfarandi:

| | | | | | |
|--|------------|---|-------|---------|---|
| | „E 338-452 | Fosfórsýra — fosföt — dí-, trí- og fjölfosföt | 5 000 | (1) (4) | Einungis <i>morgunverðarpylsur</i> : í þessari afurð er kjötið hakkað þannig að vöðva- og fituvefur dreifist fullkomlega og trefjarnar mynda ýrulausn með fitunni og gefa þannig afurðinni dæmigert útlit sitt; grásöltuð finnsk jólaskinka, <i>hamborgarakjöt</i> sem inniheldur a.m.k. 4% af grænmeti og/eða korni sem er blandað saman við kjötið, <i>Kasseler, Bräte, Surfleisch, toorvorst, šašlökk, ahjupraad, Bilá klobása, Vinná klobása, Svátečni klobása, Syrová klobása</i> og fryst lóðrétt snúningskjötspjót úr kinda-, lamba-, kálfa- og/eða nautakjöti, sem eru meðhöndluð með fljótandi kryddblöndu, eða úr alifuglakjöti, sem er meðhöndlað með eða án fljótandi kryddblöndu, notuð ein og sér og/eða í samsetningu, einnig niðursneidd og/eða hökkuð, og sem stjórnandi matvælafyrirtækisins ætlar til steikingar og síðan til neyslu fyrir lokaneytanda“ |
|--|------------|---|-------|---------|---|